

244. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	27.05.2015	Fundartími:	16.00 – 18.00
Fundarstaður:	Mannvirkjastofnun	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Ottósson (KO), Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Birgir Hólm (BH), Jón Guðmundsson (JG), Helgi Pétursson (HP), Gunnar Sigurðsson (GS) og Böðvar Ingi Guðbjartsson að hluta		
Forföll:	Engin		

1. Fundur settur.
2. Verkaskipting stjórnar. SÁS er formaður, JG er varaformaður, KOS er ritari og BH gjaldkeri.
3. Fundargerð stjórnar nr. 243. Engin athugasemd við síðustu fundargerð.
4. Aðalfundur 29. apríl 2015. Verið er að taka saman gögn frá nýafstaðnum aðalfundi og fara þau gögn inn á heimasíðu félagsins.
5. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Til hefur staðið að Kristján Kristjánsson hjá Iðunni og Karl Hákon hjá Blikksmiðnum færu upp í Lagnakerfamiðstöð með það fyrir augum að sjá hvort hægt sé að taka samstæðuna til Iðunnar. Ákveðið var að KO og BH færu einn hring um stöðina og myndu meta hvort hægt sé að nýta hluti eins og búnað fyrir vatnslekavarnir ofl.
6. Fundur um brunalokur 20. apríl. KO vantar gögn frá þeim sem fluttu erindi á fundinum en þau fara í Fréttabréfið. Almenn ánægja með hvernig fundurinn tókst.
7. Fóðrunaraðferðir á lögnum. Rætt um þörf þess að fjalla um hvað sé í boði í þeim efnum og hver árangur fóðrunar hafi verið. Lagt var til að fagráð pípulagnamanna fjallaði um málið.
8. Kynning fundarefna með fagráðum. Áhugi er fagráð fjalli um verklýsingar og magntöku á stjórnkerfum kerfanna. Þetta hefur áhrif á lokafrágang kerfanna og þarfnast umræðu í öllum fagráðunum.
9. Skoðunarhandbækur Mannvirkjastofnunar. Staðan er sú að á komandi dögum öðrum verður annarri útgáfu skilað til ráðuneytis til umsagnar.
10. Lofsvert lagnaverk. Verið er að taka á móti tilnefningum.
11. Ekkert heyrist frá stjórnarmönnum. Greinar og efni vantar fyrir fréttabréfið og á heimasíðu félagsins. HP og GS ætla að taka saman stutt erindi.
12. Fréttabréf. Fréttabréf 124 er í smíðum.

13. Myndataka af stjórn. Það náðist ljósmynd af hópnum 😊
14. Önnur mál. SÁS vill fá jákvæðari umræðu frá Lagnafélaginu út á við. Þá telur hann að horfa mætti til Brunatæknifélagsins sem ákveðnar fyrirmyndar.